

Fræðsluráð Hafnarfjarðar  
Magnús Baldursson, fræðslustjóri  
Strandgata 6,  
220 - Hafnarfirði

Hafnarfjörður 25. september 2015

**Efni: Erindi Foreldrafélags Hvaleyrarskóla frá febrúar 2015 varðandi skólalóð Hvaleyrarskóla og eflingu hreyfingar.**

Foreldrafélag Hvaleyrarskóla sendi Fræðsluráði Hafnarfjarðar erindi í febrúar 2015 varðandi skólalóð Hvaleyrarskóla, skólahreystibraut, leiktæki og eflingu hreyfingar. Formlegt svar hefur ekki enn borist og telur stjórn foreldrafélagsins það óviðunandi vinnubrögð af hálfu Hafnarfjarðarbæjar. Undirrituð hefur sent fjölmargar ítrekanir vegna málsins bæði til fræðslustjóra og formanns fræðsluráðs og látið afrit af ítrekunum fylgja jafnvel til bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar ásamt því að hafa sent kvörtun vegna málsins til sviðsstjóra stjórnarsýslu.

Fræðslustjóri sendi undirritaðri tölvupóst í maí 2015 þar sem beðist er afsökunar á að erindinu hafi ekki enn verið formlega svarað en jafnframt sagt að málinu yrði fylgt eftir til að hægt væri að taka afstöðu til erindis foreldrafélagsins.

Á afmælishátíð skólans í vor gaf foreldrafélagið skólanum tvö útileiktæki og formaður fræðsluráðs hét peningagjöf til kaupa á útileiktæki og uppsetningu leiktækjanna áður en nýtt skólaár myndi hefjast og tók jafnframt fram að þetta væri aðeins fyrsta skrefið í umbótum lóðarinnar. Staðan nú í lok september er sú að engin leiktæki hafa verið sett upp, hvorki þau sem bíða tilbúin í geymslu skólans né það sem bærinn hafði lofað. Hætt var við kaup á hreiðurrólu vegna nýrra upplýsinga um slyshættu en mörg önnur tæki voru á óskalistanum frá Heilsuteymi skólans sem foreldrafélagið telur að geti einnig komið til greina. Gott samstarf er á milli stjórnenda skólans og foreldrafélagsins og engin fyrirstaða að velja nýtt tæki í stað hreiðurrólu. Nýjustu fregnir herma þó að engin leiktæki verði sett á skólalóðina fyrr en um áramót.

Enn er erindinu frá febrúar ósvarað og afstaða til skólahreystibrautar ekki verið ákveðin en skólahreystibrautin var aðal áherslulíður í erindinu. Fulltrúi frá Hafnarfjarðarbæ fundaði með skólastjóra og formanni foreldrafélagsins í vor og var niðurstaða þeirrar fundar að skólalóðin myndi bæði rúma skólahreystibraut ásamt íþróttahúsi framtíðarinnar. Á þeim fundi var einnig farið yfir staðsetningu leiktækja sem foreldrafélagið gaf en annað tækið var hugsað fyrir yngstu deild og hitt fyrir miðdeild. Einnig var rætt um að færa til rennibraut á skólalóðinni frá miðdeild yfir til yngstu deildarinnar þar sem hún nýtist betur.

Hafnarfjarðarbær státar sig nú af því að vera heilsueflandi samfélag en hefur svo sannarlega ekki sýnt það í verki gagnvart frumkvæði foreldrafélags Hvaleyrarskóla um heilsueflandi aðgerðir. Vinnubrögð í málinu að hálfu bæjarinnis eru til skammar. Skorað er á Hafnarfjarðarbæ að bæta stjórnarsýsluleg vinnubrögð og svara erindi Foreldrafélags Hvaleyrarskóla á formlegan hátt.

Virðingarfyllt,

Sveindís Anna Jóhannsdóttir, formaður Foreldrafélags Hvaleyrarskóla

**Afrit sent:**

Skólaráð Hvaleyrarskóla  
Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar  
Kristján Sturluson, sviðsstjóri stjórnarsýslu Hafnarfjarðar  
Rósa Guðbjartsdóttir, formaður Fræðsluráðs